

Ritdómur

Religionswissenschaft und Theologie: Disziplinen diskursiv denken,
eftir Christiane Nagel. Theologische Bibliothek Töpelmann,
Berlín: De Gruyter, 2023, 350 bls.

Bókin *Religionswissenschaft und Theologie: Disziplinen diskursiv Denken* (Trúarbragðafræði og guðfræði: Að hugsa um fræðigreinar frá sjónarhorni orðræðunnar) er nýleg bók — kom út í október á þessu ári — þar sem höfundurinn, guðfræðingurinn Christiane Nagel, fæst við tengslin milli tveggja fræðigreina sem hvor með sínum hætti hefur trúarbrögð að meginviðfangsefni sínu, guðfræði annars vegar og trúarbragðafræði hins vegar. Um er að ræða endurskoðaða útgáfu af doktorsritgerð Nagel sem hún varði við guðfræðideild háskólans í Kiel árið 2022 og hlaut þar að auki verðlaun háskólans fyrir hana sem framúrskarandi doktorsritgerð í sínu fagi. Áður hafði Nagel lokið prófum í guðfræði við háskólann í Leipzig en nú starfar hún við rannsóknir við háskólann í Marburg. Bókin er þannig skrifuð af þýskum guðfræðingi, mótuðum af þýsku háskólaumhverfi, og bókin og nálgun höfundar endurspeglar það. Um þetta er Nagel meðvitund og tekur fram snemma í bókinni að uppruni hennar í austur-þýsku mótmælenduumhverfi og sú mótun sem hún fékk í upphafi háskólanáms (hún nefnir þar sérstaklega háskólann í Leipzig) hafi óhjákvæmilega sett svip sinn á ritun bókarinnar og stefnu hennar.

Spurningin um tengslin milli guðfræði og trúarbragðafræði í samhengi æðri menntunar og rannsókna er afar áhugaverð en hún er ekki einföld. Ljóst er að viðfangsefnið er hægt er að nálgast úr ýmsum áttum. Í greiningu sinni kýs Nagel að nálgast tengsl fræðigreina tveggja frá sjónarhóli menningarfræða (þ. *Kulturwissenschaften*) og vísar þar með til þess hvernig fræðafólk innan hug- og félagsvísinda hefur iðkað rannsóknir sínar eftir „the Cultural Turn“ á sjöunda og áttunda áratugnum. Hér skal líka tekið fram að umfjöllun Nagel um vísindaheimspeki (þ. *Wissenschaftstheorie*, e. *Philosophy of science*) og tengsl ólíkra fræðigreina almennt byggist á slíkum menningarfræðilegum grundvelli. Þannig er hugtakið orðræða (e. *discourse*, fr. *discours*, þ. *Diskurs*) mjög áberandi í umfjöllun hennar en hún lítur svo á að sérhver fræðigrein sé sjálfstæð orðræða sem þó fléttist saman við og tengist orðræðu annarra fræðigreina með fjölbættum hætti (sjá bls. 309 og víðar). Frá slíkum kenningarlegum sjónarhóli dregur Nagel þannig fram megineinkenni annars vegar guðfræði og hins vegar trúarbragðafræði sem fræðilegrar orðræðu og greinir bæði það sem skilur greinarnar að og tengir þær saman. Nagel tekur sérstaklega fram að notkun hennar á orðræðu-

hugtakinu sé mótuð af beitingu þess innan kynjafræða og hinseginfræða þar sem áhersla er lögð vísindaheimspekilega virkni og vald tungumálsins.

Hafa ber í huga að skrif Nagel eru takmörkuð við iðkun guðfræði og trúarbragðafræði á hinu þýska málsvæði. Þetta takmarkar augljóslega rannsóknina en víst er einnig að það hefði sprengt umfang doktorsrannsóknar ef fleiri svæði hefðu verið tekin fyrir með þeim hætti sem höfundurinn kýs að gera. Það skal reyndar tekið fram að í einum undirkafla (bls. 58–67) kortleggur hún námsframboð í guðfræði og trúarbragðafræði á Englandi og greinir þar orðalagsmun í kynningu á fræðigreinunum tveimur. Sá kafla er ætlaður til samanburðar við hið þýska háskólasamhengi og er í sjálfum sér áhugaverður en hlutverk hans í heildarsamhengi bókarinnar er óljóst og tengsl við aðra kafla lausleg. Þá verður einnig að taka fram að þegar Nagel fjallar um guðfræði þá á hún einungis við sérsvið hennar, þ.e. mótmælendaguðfræði (þ. *evangelische Theologie*), og nefnir að þótt vissulega væri hægt væri að fjalla um rómversk-kaþólska, íslamska eða gyðinglega guðfræði með sömu aðferð þá myndi það einnig verða of umfangsmikið. Þrátt fyrir að slík afmörkun takmarki rannsóknina, t.d. vegna sérkenna fræðilegrar orðræðu fræðigreinanna á hinu þýska málsvæði og einkennum á stofnanalegri uppbyggingu vísindastarfs og háskólanáms, þá er það mat þess sem þetta ritar að hér sé um afar mikilvæga grunnrannsókn að ræða sem hægt sé að heimfæra að miklu leyti á önnur svæði í Norður-Evrópu, einkum á Norðurlöndum, þar sem tengsl mótmælendaguðfræði og trúarbragðafræði eru ekki ólík þeim sem Nagel fjallar um.

Bók Nagel skiptist í sex hluta. Í formála setur hún fram það vandamál sem hún hyggst fást við og gerir það í tengslum við þann vísindaheimspekilega grundvöll sem hún byggir á í rannsókn sinni. Þar gengur hún út frá áður nefndum menningarfræðilegum skilningi sínum á vísindum og leggur áherslu á að vísindaleg orðræða sé alltaf háð því félags- og menningarlega samhengi sem hún tilheyrir og er þar með hluti af. Vísindin eru hluti af heiminum. Hún tekur einnig skýrt fram — það er jú fyrsta málsgrein bókarinnar — að „samfélagið sé í öllum helstu grundvallaratriðum háð vísindum sem virka“ (bls. 1). Hún tekur einnig fram að það vísindakerfi sem ekki hefur rými fyrir þær fræðigreinar sem hafa það að markmiði að ígrunda trúarbrögð og lífsskoðanir, merkingu þeirra og hlutverk í heiminum, sé ófullkomið. Benda má á ýmis vandamál þegar kemur að stöðu þeirra greina sem fást við ígrundun trúarbragða og annarra lífsskoðana innan þess vísindakerfis sem Nagel leitast við að greina, með guðfræði og trúarbragðafræði í forgrunni. Eitt þeirra er að um trúarbrögð og lífsskoðanir er fjallað innan margra greina hug- og félagsvísinda og því er það ekki viðfangsefnið sjálft sem getur gagnast til að skilgreina fagið sem slíkt. Svo er það sú staðreynd að mörkin milli þeirra greina sem hafa trúarbrögð að aðalumfjöllunarefni sínu eru stundum óljós. Það þarf vitaskuld ekki að vera alslæmt á þverfaglegum tímum en það getur, eins og Nagel bendir á, leitt til spennu milli greinanna, t.d. þegar kemur að því að gera grein fyrir samfélagslegu mikilvægi og líka þegar kemur að bláköldum háskólapólitískum álitaeftum á borð við útdeilingu fjármuna. Nagel er á þeirri skoðun að mikilvægt sé að innan faggreina eigi sér stað ígrundun um vísindaheimspekilega stöðu greinarinnar, gildi og tilgang, ekki bara almennt

heldur og í tengslum við aðrar fræðigreinar, einkum þær sem nærliggjandi eru. Slíkt sé mikilvægt fyrir samskipti og samstarf milli greina.

Eins og nafn annars kafla bókarinnar, „Saga erfiðs sambands“, gefur til kynna, rekur höfundur þar sögu greinanna tveggja, með sérstakri áherslu á sambandið á milli þeirra. Trúarbragðafræði er vissulega yngri grein og hún á uppruna sinn í áhuga á trúarbrögðum hjá rannsakendum á nítjándu öld sem komu úr ýmsum áttum: textafræði (filólógíu), heimspeki og sálfræði, félagsfræði, auk guðfræði. Í umfjöllun sinni um um guðfræðina sem fræðigrein viku Nagel sérstaklega að þeirri breytingu sem átti sér stað þegar trúarbragðahugtakið varð, með áður óþekktum hætti, miðlægt í hugtakaumgjörð mótmælendaguðfræðinnar, þ.e. fyrst með Schleiermacher og síðar Albrecht Ritschl og svo á tímum hins trúarbragðasögulega skóla, einkum með skrifum Ernsts Troeltsch, „systematikers“ trúarbragðasögulega skólans. Nagel leggur áherslu á að eftir þessa breytingu hafi líkindi milli greinanna tveggja, guðfræði og trúarbragðafræði, aukist til muna og ekki hafi lengur verið hlaupið að því að greina þeirra á milli með skýrum hætti. Breytingin fólst í því að þeir sem aðhylltust trúarbragðasögulega skólann og aðrir frjálslyndir guðfræðingar fóru að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi hinnar sagnfræðilegu aðferðar og þeir höfðu mikinn áhuga á samanburði við önnur trúarbrögð.

Í þeim köflum sem á eftir fylgja, tekst Nagel á við að kortleggja það sem að greinir guðfræði og trúarbragðafræði. Þriðji kafli bókarinnar er nokkurs konar millispil á milli hinnar sögulegu yfirferðar annars kaflans og þeirrar orðræðugreiningar sem síðan má finna í köflum fjögur og fimm. Hún hefur kaflann á því að setja fram gagnrýni sína á þær leiðir sem oft hafa verið farnar til að greina á milli greinanna tveggja og tiltekur þar rannsóknarviðfang, aðferðir og svo sjónarhorn rannsakandans. Nagel bendir á að rannsóknarviðfang guðfræði og trúarbragðafræði sé oft hið sama og sömuleiðis séu aðferðir einnig oft hinar sömu, t.d. er hinni sagnfræðilegu aðferð beitt bæði innan trúarbragðafræða og guðfræði og hið sama má segja um eigindlegar og meginlegar aðferðir félagsvísinda. Slíkir mælikvarðar nægi því ekki til að greina á milli fræðigreina tveggja með skýrum hætti. Það eigi einnig, að mati Nagel, við um þann greinarmun sem felst í sjónarhorni rannsakandans sem tekur sér stöðu „innan“ eða „utan“ trúarbragðanna sem til rannsóknar eru, í þessu tilviki kristninnar, sem sé bæði erfitt að staðfesta og óljóst hvernig það þurfi undantekningarlaust að hafa áhrif á rannsóknarniðurstöður viðkomandi. Í stað alls þessa beinir Nagel sjónum sínum að því orðræðubundna samhengi sem hvor fræðigreinin um sig býður upp á og hvernig formgerð orðræðunnar hefur áhrif á það hvernig rannsóknarspurningar eru settar fram og hvers vegna — nokkuð sem e.t.v. mætti kalla spurnarhátt hvorrar fræðigreinar fyrir sig (þ. *Fragestellung*).

Í tveimur næstu köflum, hinum fjórða og hinum fimmta, fjallar Nagel um samhengi þess hvernig rannsóknarspurningar eru settar fram innan greinanna tveggja. Fjórði kaflinn fjallar um rannsóknarspurningar trúarbragðafræðinnar og sá fimmti, sem er umtalsvert lengri, fjallar um guðfræði frá sömu hlið. Hvor kaflinn um sig er byggður upp í kringum ólíkar nálganir (þ. *Zugriffe*) sem ákvarða hvernig spurningar eru settar fram innan hvorrar fræðigreinar um sig. Heimildirnar fyrir þessum ólíku nálgunum eru rit eftir tiltekna fræðimenn sem beita þeim

og Nagel kynnir sem fulltrúa þeirra. Í því sambandi má nefna að umfjöllun Nagel um trúarbragðafræði er yfirborðslegri en umfjöllun hennar um guðfræði, t.d. er meirihluti þeirra rita sem hún tekur til greiningar inngangsrít fyrir háskólanema í trúarbragðafræði (rituð af sérfræðingum að sjálfstöðu). Sú er ekki raunin í kaflanum um guðfræði en æskilegt hefði verið að koma í veg fyrir þetta misræmi því að færa má rök fyrir því að fræðileg orðræða í inngangsríti sé annars konar en í öðrum fræðilegum ritsmíðum.

Svo að vikið sé að þeirri greiningu sem Nagel setur fram í kaflanum um trúarbragðafræði, þá eru þær nálganir sem hún telur helst setja mark sitt á það hvernig spurningar eru settar fram innan trúarbragðafræði fjórar talsins: hin fyrsta er sagnfræðileg og textafræðileg, önnur er félagsvísindaleg, hina þriðju kallar Nagel heimspekilega og fyrirbærafræðilega (sem er reyndar ört víkjandi á fræðilegum vettvangi dagsins í dag) og hin fjórða er byggð á í sálfræði og hugrænum fræðum. Á grundvelli þessara nálgana setur Nagel fram þá lýsingu á orðræðubundnum spurnarhætti trúarbragðafræðinnar að hann mótist af áhuga á því að bera saman þau trúarbrögð sem finna má stað með empirískum rannsóknum með því að setja fram og greina flokka, tegundir og formgerðir á forsendum menningarfræði (bls. 166).

Í fimmta kafla, kaflanum um guðfræði, sem er talsvert lengri og ítarlegri en sá fjórði (sem kemur ekki á óvart í ljósi bakgrunns Nagel í guðfræði), notar höfundurinn einnig ólíkar nálganir til að varpa ljósi á spurnarhátt guðfræðinnar. Áður en hún gerir það fjallar hún þó um það hvernig guðfræðin skiptist upp í ólíkar undirgreinar en slík uppskipting hefur, að mati Nagel, afar mikil áhrif á fræðilega orðræðu innan mótmælendaguðfræði. Hér er átt við undirgreinar af sagnfræðilegum, samstæðilegum og hagnýtum toga sem skipta má upp með ýmsum hætti þó að langalgengast sé að skipta þeim upp í sex til sjö undirgreinar. Til viðbótar við hina hefðbundnu uppskiptingu í ólíkar undirgreinar þá hafa ólíkar nálganir innan guðfræðinnar einnig mikil áhrif á formgerðir hins fræðilega spurnarháttar greinarinnar. Fyrsta nálgunin sem Nagel tilgreinir í þessu sambandi er sagnfræðileg og þá einkum hugtakasöguleg. Önnur er félagsvísindaleg, hin þriðja heimspekileg og túlkunarfræðileg og hin fjórða er trúarlífssálfræðileg og mannfræðileg. Í ljósi ofangreinds setur Nagel fram eigin samantekt um spurnarhátt guðfræðinnar sem hún segir beinast að uppruna, þróun og innihaldi kristinnar trúar sem tiltekinnar lífssýnar og lífsafstöðu í sögu og samtíð. Hún lítur einnig svo á að þessi spurnarháttur taki mið af hinu hagnýta gildi fræðilegrar guðfræði og leiðsagnarhlutverki hennar fyrir kristna trúariðkun, þá mótun sem þar fer fram, inntak hennar og þá merkingu sem þar verður til í ólíkum sögulegum, félagslegum og menningarlegum aðstæðum (bls. 308).

Hér verður ekki farið nánar út í greiningu Nagel á sérkennum fræðilegrar orðræðu innan trúarbragðafræði og guðfræði. Ljóst er að gera mætti ýmiss konar athugasemdir við greiningu Nagel og framsetningu hennar á sérkennum hvorrar greinar um sig. Svo að dæmi séu tekin, gætu einhver gert athugasemdir við hversu mikinn þunga hún leggur á þátt samanburðarins innan trúarbragðafræði og önnur gætu haft sitthvað að athuga við lýsingu hennar á fræðilegum áherslum innan nýjatestamentisfræða. Hafa verður í huga að samstæðileg framsetning á borð við þessa mun alltaf, a.m.k. að vissu marki, mótast af fræðilegri sjálfsmynd

þeirra sem setja hana fram. Að þessu leyti hefur ritun bókarinnar krafist lofsverðs hugrekkis, sérstaklega þegar haft er í huga að hér er um doktorsrannsókn og fyrstu bók höfundarins að ræða. Nagel tekur líka fram að í hennar tilviki mótist framsetningin af því spennuhlaðna sambandi sem var milli greinanna tveggja við háskólann í Leipzig þar sem hún tók sín fyrstu skref í guðfræðinámi. Þetta má til sanns vegar færa en sá sem þetta ritar fékk stundum á tilfinninguna að Nagel sé oft og tíðum í helst til mikilli vörn gagnvart trúarbragðafræði. Það birtist t.d. í því hversu mikið henni er í mun, á ýmsum stöðum bókarinnar, að gagnrýna hugmyndina um að til sé nokkuð sem kallist „aðferðafræðilegt guðleysi“ eða „aðferðafræðileg efahyggja“ (sjá t.d. bls. 71–75 og 283–294).

Þegar öllu er á botninn hvolft, felst styrkur þessarar mikilvægu rannsóknar ekki endilega í nákvæmnisatriðum varðandi inntak greiningarinnar þó að sannarlega megi fallast á stóru myndina sem Nagel teiknar upp. Styrkur hennar felst fyrst og fremst í því rannsóknarsjónarhorni og þeirri aðferð sem Nagel hefur þróað, þ.e. að beita menningarfræðilegu sjónarhorni orðræðugreiningar, til að fást við mörkin milli trúarbragðafræði og mótmælendaguðfræði. Þetta sjónarhorn virðist lofa góðu til að hugsa um hið flókna samband milli greinanna tveggja og, e.t.v., til að útfæra námsframboð og kennslu á háskólastigi á slíkum grundvelli. Þá verður einnig að nefna að þessi rannsókn er bæði tímabær og í takt við tímann. Hér er nefnilega ekki vikist undan þeirri staðreynd að þau sem fást við rannsóknir á trúarbrögðum, sérstaklega á sviði guðfræði, geta ekki lengur gengið að því sem vísu að hinn vísindaheimspekilegi og þekkingarfræðilegi grundvöllur greinarinnar sé öllum skiljanlegur og aðgengilegur. Um hann hefur lengi ríkt slík sátt að ekki hefur verið talið nauðsynlegt að færa hann sérstaklega í tal — en það er liðin tíð. Slík miðlunarvinna er ekki í verkahring neinna annarra en þeirra sem fást við rannsóknir í guðfræði og trúarbragðafræði og Christiane Nagel hefur tekið verkefnið alvarlega.